

# Weber 4610 Duro Top

## Notkunarsvið

Weber 4610 er hraðþornandi flotefni sem er ætlað til flotunar á iðnaðargólfum þar sem kröfur eru gerðar um háan slag-og slitstyrk, og mjög slétt gólf, t.d. þar sem handtjappar, róbótar og þess háttar starfsemi er.

## Kostir

Weber 4610 er dælanlegt hraðþornandi flotefni sem er auðvelt í notkun.

Ekki er þörf á frekari yfirborðs-meðhöndlun eftir lögn, svo sem slípun eða fínspörltun.

Weber 4610 uppfyllir kröfur "husAMA" um flotefni

## Þykktarsvið

Efnið er venjulega lagt í 4 - 15 mm þykkt.

Við meiri þykktir er mælt með að nota Weber 4602 Duro Base Extra sem undirlag.

## Eiginleikar

Þrýstipól (EN 13813):	>35 Mpa
Þrýstipól (28d). (EN 13892-2):	>40 MPA
Beygjutogþól (EN 13813):	10 Mpa
Beygjutogþ. (28d). (EN 13892-2):	12MPa
Rýrnun eftir 28d. (EN 13454-2):	<0,7mm/m
PH gildi:	11
Flot (SS 923519):	155-160mm.
Flokkun byggingarefnis (EN 13501-1):	A2fl-s1
Gönguhæft eftir:	3-4 tíma.
Fullþurtt:	5-7 daga


## Undirvinna

Undirlagið skal vera hreint og laust við lausan múr, sementsslamma, raka, fitu og önnur óhreinindi sem komið geta í veg fyrir góða viðloðun.

Ef flota þarf yfir lakkað gólf, skal slípað yfir með sandpappirslípivél og lakkið mattað. Grunnið síðan með MD-16 1:1 og stráðið þurru efni í blautan grunnin og kústið saman. Látið síðan þorna og er þá undirlagið tilbúið undir flotun.

## Grunnur

Grunna skal með MD-16 og blanda hann 1 hluti grunnur og 3 hlutar vatn. Sjá leiðbeiningar um notkun á MD-16 við mismunandi aðstæður.



## Blöndun og lögn

Vatnsmagn er 5,0-5,25 lítrar í 25 kg. poka. Blandið saman með hægengri borvél.

Ef dæla á efninu, leitið þá upplýsinga hjá söluaðila. Mælið flotið í efninu (samkv. SS 923519) með hring sem er 50x22mm. Athugið einnig við flotprufu hvort efnið sé nægjanlega vel hrært saman.

Gott er að draga úr efninu með tenntum spaða, til að losa loft úr efninu.

## Efnisnotkun

1 mm þykkt =	1,7 kg/m <sup>2</sup>
5 mm þykkt =	8,5 kg/m <sup>2</sup>
10 mm þykkt =	17 kg/m <sup>2</sup>

## Geymsluþol

6 mánuðir í þurri geymslu.

## Aðgæsla

Með raka eða vatni virkar efnið eins og önnur múrefni, ertandi á húð, slímhimnu í augum og öndunarvegi.

Það er því ráðlagt að nota hlífðarbúnað svo sem rykgrímur, öryggisgleraugu og hanska.

## Annað

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi skal líta á þessar upplýsingar sem leiðbeinandi. Leitið alltaf upplýsinga hjá sölumönnum ef í vafa. Ekki má blanda öðrum efnum saman við Weber 4610 þar sem það breytir eiginleikum efnisins og kemur niður á gæðum þess.

# MÚRBÚÐIN